

# Isavia ohf.

---

Samandreginn  
árshlutareikningur samstæðu

---

**1.1 - 30.06 2021**

---

Isavia ohf.  
Dalshraun 3  
220 Hafnafjörður  
kt. 550210-0370

---

# Isavia ohf.

---

Samandreginn  
árshlutareikningur samstæðu

---

**1.1 - 30.06 2021**

## **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-15

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 27. september 2021

Hinrik Þór Hardarson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Isavia ohf. („samstæðan“) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins í Hafnarfirði.

Þann 1. janúar 2020 var Isavia ohf. skipt upp þar sem rekstur flugleiðsögu og rekstur innanlandsflugvalla var færður í sér félög. Rekstrarhluti flugleiðsögu færðist til dótturfélagsins Isavia ANS ehf. og rekstrarhluti innanlandsflugvalla færðist til dótturfélagsins Isavia Innanlandsflugvalla ehf. Eignarhald og viðhald á innviðum innanlandsflugvallanna er áfram á forræði ríkisins. Isavia ohf. rekur Keflavíkurflugvöll.

Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 6.281 milljónum króna (1.1-30.6 2020: 8.607 milljónir króna). Tap tímabilsins nam 3.514 milljónum króna (1.1-30.6 2020: 7.608 milljóna króna tap). Jákvæður gengismunur nam 2.230 milljónum króna (1.1-30.6 2020: neikvætt sem nam 3.723 milljónir króna). Þann 30. júní 2021 námu heildareignir félagsins 80.952 milljónum króna (31.12.2020: 80.477 milljónir króna). Eigið fé 30. júní 2021 nam 26.744 milljónum króna (31.12.2020: 27.259 milljónir króna) og eiginfjárlutfall félagsins var 33,04% þann 30. júní 2021 (31.12.2020: 33,87%). Laun og annar starfsmannakostnaður námu á tímabilinu 7.172 milljónum króna (1.1 - 30.6 2020: 8.210 milljónir króna). Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu var 930,3 (1.1 - 30.6 2020: 1.183,1).

Í lok árs 2020 féll úrskurður yfirskattanefndar í deilu félagsins við Skattinn vegna meðferðar á innsendum virðisaukaskattskýrslum fyrir tímabilið september 2016 til desember 2018. Vísað er í umfjöllun í skýringu 11 í árshlutareikningnum vegna málsins.

Vakin er athygli á niðurfærslu viðskiptakrafna sem inniheldur niðurfærslu vegna falls Wow air frá árinu 2019. Vísað er í skýringu 11 með árshlutareikningnum vegna stöðu málaferla.

Hlutafé þann 30. júní 2021 nam 12.559 milljónum króna (31.12.2020: 9.559 milljónir króna). Hlutafé var aukið um 3.000 milljónir króna á tímabilinu 1.1 - 30.6 2021.

Árið 2020 og það sem af er ári 2021 hefur reynst vera tími áskorana fyrir Isavia. Rekstur félagsins varð snemma árs 2020 fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19 faraldursins þegar ferðalög til og frá Íslandi stöðvuðust meira og minna. Áhrif Covid-19 faraldursins birtust af fullum þunga í lok mars 2020 og frá þeim tímavarki og til ársloka reyndist fækkun farþega um Keflavíkurflugvöll vera 93% miðað við fyrra ár en sé horft á allt árið 2020 nam fækkun farþega í heild 81%. Áhrifa Covid-19 gætti enn mjög á fyrri helmingi ársins 2021 og nam fækkun farþega á Keflavíkurflugvelli 76% miðað við sama tímabil 2020. Nokkur viðsnúningur hefur þó orðið á öðrum ársfjórðungi 2021 og fjöldi farþega ríflega fimmfaldast á milli ára, í um 200 þúsund úr 36 þúsund farþegum á sama ársfjórðungi 2020. Spá Isavia gerir nú ráð fyrir að farþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll nái á síðari helmingi ársins 2021 um 50-60% af því sem var áður en áhrifa Covid-19 fór að gæta.

# Skýrsla stjórnar

---

Mikil vinna hefur farið fram við að aðlaga rekstur félagsins að gerbreyttum aðstæðum. Eigandi félagsins lagði því til nýtt hlutafé í júní 2020 og svo aftur í byrjun árs 2021. Þessu nýja hlutafé er ætlað að mæta því tjóni sem varð vegna Covid-19 og gera félaginu kleift að halda áfram uppbyggingu á innviðum Keflavíkurflugvallar til framtíðar. Félagið var í lok tímabilsins engu að síður vel í stakk búið til að takast á við stöðuna vegna Covid-19 en það er ljóst að enn er til staðar mikil óvissa um hvenær ferðatakmörkunum í heiminum verður aflétt. Stjórn félagsins telur þó að rekstrarhæfi félagsins sé tryggt, sérstaklega í ljósi þeirrar hlutfjár aukningar sem átti sér stað í byrjun árs 2021. Vísað er í umfjöllun í skýringu 16 með árshlutareikningnum vegna málsins.

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 27. september 2021

## Í stjórn



Orri Hauksson  
stjórnarformaður



Eva Pandora Baldursdóttir


Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir




## Forstjóri



Sveinbjörn Indriðason



Matthías Páll Imsland



Valdimar Halldórsson

# Yfirlit um heildarafkomu 1.1 - 30.06 2021

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Rekstrartekjur .....	4	6.280.926	8.607.375
Kostnaðarverð seldra vara .....		(340.380)	(1.171.171)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	(7.171.510)	(8.210.227)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(119.030)	(200.026)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.853.646)	(2.360.026)
<b>Rekstrartap fyrir afskriftir</b>		<b>(3.203.641)</b>	<b>(3.334.075)</b>
Afskriftir .....	7,8,9	(1.925.153)	(1.944.015)
<b>Rekstrartap</b>		<b>(5.128.794)</b>	<b>(5.278.090)</b>
Fjármunatekjur .....	6	29.325	98.873
Fjármagnsgjöld .....	6	(663.969)	(598.245)
Gengismunur .....	6	2.229.769	(3.722.718)
<b>Tap fyrir skatta</b>		<b>(3.533.669)</b>	<b>(9.500.180)</b>
Tekjuskattur .....		19.632	1.891.975
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		<b>(3.514.037)</b>	<b>(7.608.205)</b>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.06 2021	31.12 2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	57.285.556	57.193.958
Óefnislegar eignir .....	8	4.506.783	4.611.584
Nýtingarréttur .....	9	400.070	353.874
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....		56.740	79.843
		<u>62.249.150</u>	<u>62.239.260</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		363.058	279.877
Viðskiptakröfur .....	11	4.432.083	2.606.353
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og annarra langtímakrafna .....		39.336	38.719
Aðrar skammtímakröfur .....	11	6.487.351	5.940.347
Handbært fé .....		7.380.708	9.372.336
		<u>18.702.535</u>	<u>18.237.633</u>
<b>Eignir</b>		<u>80.951.684</u>	<u>80.476.893</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	12	12.559.063	9.559.063
Lögbundinn varasjóður .....		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur .....		40.374	41.036
Óráðstafað eigið fé .....		11.660.409	15.175.455
		<u>26.743.644</u>	<u>27.259.353</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	13	42.207.220	43.660.249
Leigusamningar .....	9	316.373	274.360
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	279.214	299.989
		<u>42.802.807</u>	<u>44.234.598</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		3.977.471	1.630.291
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	3.151.314	4.086.163
Næsta árs afborganir leigusamninga .....	9	89.879	83.727
Reiknaðir skattar .....	14	772	3.888
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	4.185.797	3.178.873
		<u>11.405.233</u>	<u>8.982.941</u>
Skuldir		<u>54.208.040</u>	<u>53.217.540</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>80.951.684</u>	<u>80.476.893</u>

## Yfirlit um eigið fé 1.1.-30.06.2021

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2020 .....	5.589.063	2.483.798	42.360	28.350.724	36.465.945
Nýtt hlutfé .....	3.970.000	0	0	0	3.970.000
Endurmat afskrifað .....	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur .....	0	0	0	1.567	1.567
Heildarafkoma tímabilsins .....	0	0	0	(7.608.205)	(7.608.205)
Eigið fé 30. júní 2020 .....	9.559.063	2.483.798	41.698	20.744.748	32.829.307
Eigið fé 1. janúar 2021 .....	9.559.063	2.483.798	41.036	15.175.455	27.259.353
Nýtt hlutfé .....	3.000.000	0	0	0	3.000.000
Endurmat afskrifað .....	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur .....	0	0	0	(1.672)	(1.672)
Heildarafkoma tímabilsins .....	0	0	0	(3.514.037)	(3.514.037)
Eigið fé 30. júní 2021 .....	12.559.063	2.483.798	40.374	11.660.409	26.743.644

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.



# Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.06 2021

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrartap .....		(5.128.794)	(5.278.090)
Afskriftir .....	7,8,9	1.925.153	1.944.015
Reikningshaldslegar afskriftir skammtímakrafna .....		(78.258)	190.050
Sölutap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna .....		434	0
<b>Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta</b>		<b>(3.281.465)</b>	<b>(3.144.025)</b>
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(42.309)	48.967
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(2.198.571)	715.966
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		3.136.526	(377.629)
<b>Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta</b>		<b>(2.385.818)</b>	<b>(2.756.721)</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		22.589	68.923
Greiddir vextir og gengismunur .....		(458.306)	(253.780)
Greiddir skattar .....		0	(198.772)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(2.821.536)</b>	<b>(3.140.350)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjárm. og óefnislegar eignir .....	7,8	(1.863.311)	(1.516.633)
Afborganir skuldabréfa .....		26.505	26.027
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>(1.836.806)</b>	<b>(1.490.606)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....		3.000.000	3.970.000
Nýjar langtímaskuldir .....		183.024	7.792.000
Afborganir langtímaskulda .....		(218.158)	(502.310)
Afborganir leigusamninga .....		(46.045)	(29.360)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		<b>2.918.820</b>	<b>11.230.330</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(1.739.522)	6.599.374
Handbært fé í upphafi tímabils .....		9.372.336	9.166.641
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		(252.107)	351.511
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<b>7.380.708</b>	<b>16.117.526</b>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Þann 1. janúar 2020 var Isavia ohf. skipt upp þar sem rekstur flugleiðsögu og rekstur innanlandsflugvalla var færður í sér félag. Rekstrarhluti flugleiðsögu færðist til dótturfélagsins Isavia ANS ehf. og rekstrarhluti innanlandsflugvalla færðist til dótturfélagsins Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félag innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi, Domavia ehf. og Suluk ApS. Sjá nánar skýringu nr. 10.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árs hlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020.

Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; [www.isavia.is](http://www.isavia.is).

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að ein eign fastafjármuna er endurmetin.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árs hlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- varanlegir rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- vörubirgðir
- viðskiptakröfur
- tekjuskattskuldbinding og tekjuskattsinneign

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Tekjur Flugleiðsögu.....	3.022.684	3.179.073
Tekjur Innanlandskerfis.....	1.258.848	908.184
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	1.055.051	2.055.959
Tekjur annarra starfsþátta.....	173.025	176.823
Tekjur af vörusölu.....	771.317	2.287.337
	<u>6.280.926</u>	<u>8.607.375</u>

# Skýringar

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Laun .....	5.580.070	6.418.485
Launatengd gjöld .....	1.400.067	1.609.487
Annar launa- og starfsmannakostnaður .....	191.373	182.255
	<u>7.171.510</u>	<u>8.210.227</u>

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

### Fjármunatekjur

	1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	4.543	53.769
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga .....	3.530	4.255
Aðrar vaxtatekjur .....	21.252	40.850
	<u>29.325</u>	<u>98.873</u>

### Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(632.316)	(576.098)
Bankakostnaður .....	(30.795)	(20.893)
Dráttarvextir .....	(859)	(1.254)
	<u>(663.969)</u>	<u>(598.245)</u>

### Gengismunur

	1.1 - 30.06 2021	1.1 - 30.06 2020
Gengismunur .....	2.229.769	(3.722.718)

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í upphafi tímabils .....	38.730.021	19.322.307	2.999.616	17.240.792	78.292.736
Eignfært á tímabilinu .....	857.855	412.359	299	594.160	1.864.673
Aflagt á tímabilinu .....	0	0	0	(40.217)	(40.217)
Selt á tímabilinu .....	0	0	0	(174.294)	(174.294)
Staða í lok tímabils .....	<u>39.587.876</u>	<u>19.734.666</u>	<u>2.999.915</u>	<u>17.620.440</u>	<u>79.942.898</u>
<b>Afskriftir</b>					
Staða í upphafi tímabils .....	9.725.372	3.251.194	1.206.767	6.915.446	21.098.778
Afskrift tímabilsins .....	483.959	382.029	157.363	677.926	1.701.278
Aflagt á tímabilinu .....	0	0	0	(40.217)	(40.217)
Selt á tímabilinu .....	0	0	0	(102.498)	(102.498)
Staða í lok tímabils .....	<u>10.209.332</u>	<u>3.633.223</u>	<u>1.364.130</u>	<u>7.450.657</u>	<u>22.657.341</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í upphafi tímabils .....	29.004.648	16.071.114	1.792.850	10.325.346	57.193.958
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	<u>29.378.544</u>	<u>16.101.444</u>	<u>1.635.785</u>	<u>10.169.783</u>	<u>57.285.556</u>
Afskriftarhlutföll .....	0-14%	2-20%	5-33%	5-33%	

# Skýringar

## 8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í upphafi tímabils .....	477.035	5.706.000	1.342.739	7.525.774
Eignfært á tímabilinu .....	0	0	70.002	70.002
Staða í lok tímabils .....	477.035	5.706.000	1.412.740	7.595.775
<b>Afskriftir</b>				
Staða í upphafi tímabils .....	190.853	2.282.862	440.475	2.914.189
Afskrift tímabilsins .....	7.950	95.087	71.766	174.803
Staða í lok tímabils .....	198.802	2.377.949	512.241	3.088.992
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í upphafi tímabils .....	286.182	3.423.138	902.264	4.611.584
Staða í lok tímabils .....	278.233	3.328.051	900.500	4.506.783
Afskriftarhlutföll .....	3,3%	3,3%	0-10%	

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni af vörum félagsins sem nefnd er Polaris í dag en hét áður TAS. Hugbúnaðurinn er í notkun hjá viðskiptavinum víða um heim. Þróunarkostnaður er færður til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Síðast var virðisrýrnunarpróf framkvæmt á þróunarkostnaði í árslok 2020. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs leiðir til þess að það er mat stjórnenda að þróunarkostnaður hafi ekki rýrnað á árinu 2020 né á tímabilinu janúar til júní 2021.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf., og Varnarmálastofnunar, nú Utanríkisráðuneytið, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók samstæðan yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en samstæðan skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

## 9. Leigusamningar

	Fasteignir og lóðir	Samtals
<b>Nýtingarréttur</b>		
Staða í upphafi tímabils .....	353.874	353.874
Verðbætur af leiguskuldbindingu .....	111.869	111.869
Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga .....	(16.601)	(16.601)
Afskriftir .....	(49.072)	(49.072)
Staða í lok tímabils .....	400.070	400.070
<b>Upphæðir færðar í rekstrarreikning</b>		
	1.1-30.6 2021	1.1-30.6 2020
Afskriftir af nýtingarrétti .....	49.072	30.210
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....	8.024	3.476
Samtals gjaldfært á tímabilinu .....	57.096	33.686
<b>Leiguskuldbinding</b>		
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur	30.6 2021	31.12 2020
Innan árs .....	88.910	99.893
Eftir ár en innan 5 ára .....	326.245	269.242
5 ár og síðar .....	65.811	65.964
	480.965	435.100

# Skýringar

## 10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Domavia ehf., Reykjavík .....	100,00%	500	Fasteignarekstur
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli .....	100,00%	50.000	Verslunarstarfssemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli .....	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli .....	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Suluk ApS - Grænland, dótturfélag Isavia ANS ehf. ....	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi, dótturfélag Isavia ANS ehf. ....	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Tern Branch Ungverjalandi, dótturfélag Tern Systems ehf. ....	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

## 11. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	30.06 2021	31.12 2020
Innlendar viðskiptakröfur .....	2.954.636	2.897.391
Erlendar viðskiptakröfur .....	268.004	196.520
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(2.314.568)	(2.355.974)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins .....	3.524.010	1.868.417
	<u>4.432.083</u>	<u>2.606.353</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Niðurfærsla er metin samkvæmt kröfum IFRS 9.

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisryrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluferðileikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli. Stöðvuninni var beitt samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir. Samkvæmt orðanna hljóðan í fyrrnefndri heimild, fyrri dómafordæmum og beitingu ákvæðisins á fyrri árum var stöðvunarheimildinni beitt fyrir öllum ógreiddum notendagjöldum flugfélagsins. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir héraðsdómi Reykjaness í þeirri viðleitni að fá stöðvun flugvélarinnar hnekkst sem á endanum skilaði sér í þeim úrskurði héraðsdómsins að stöðvunarheimild yrði aflétt eftir að eigandi flugvélarinnar myndi greiða ógreidd notendagjöld sem einungis tilheyrðu viðkomandi flugvél. Isavia fékk ekki tækifæri til að skjóta þeim úrskurði til æðra dómstígs sem er að mati félagsins verulega ámælisvert í ljósi þeirra hagsmuna sem til staðar eru og þá hafði æðra dómssvald áður úrskurðað félaginu í vil. Þó svo að sá úrskurður hafi verið ómerktur af lagateknilegum ástæðum þá stendur eftir skoðun æðra dómssvalds. Í ljósi þess að ígildi veðs fyrir greiðslu ógreiddra notendagjalda hafi horfið vegna úrskurðar héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa kröfuna að fjárhæð 2.160 milljónir króna niður í bókum samstæðunnar. Sú niðurfærsla breytir þó engu um þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða og ákvörðun héraðsdómara um synjun á frestun réttaráhrifa í þeim úrskurði sé verulega ámælisverð. Isavia hefur stefnt eiganda flugvélarinnar og Ríkissjóði vegna skaðabóta við framkvæmd innsetningargerðar í loftfarið.

# Skýringar

## 11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna.

Dagar fram yfir gjalddaga	30.06 2021			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	0,6%	715.048	4.389	710.659
1-90 daga .....	10,3%	106.447	10.927	95.520
91-180 daga .....	8,5%	10.939	925	10.014
181-270 daga .....	25,8%	25.626	6.612	19.014
>271 daga .....	96,9%	2.364.580	2.291.715	72.865
Samtals .....		3.222.640	2.314.568	908.073

Dagar fram yfir gjalddaga	31.12 2020			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	0,5%	528.512	2.599	525.913
1-90 daga .....	11,2%	109.676	12.270	97.405
91-180 daga .....	30,3%	99.435	30.151	69.285
181-270 daga .....	54,6%	20.174	11.022	9.153
>271 daga .....	98,5%	2.336.113	2.299.932	36.181
Samtals .....		3.093.911	2.355.974	737.937

### Aðrar skammtímakröfur

	30.06 2021	31.12 2020
Virðisaukaskattur fyrri ára .....	5.196.837	5.196.837
Virðisaukaskattur .....	243.465	181.087
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	486.242	120.929
Fjármagnstekjuskattur .....	21.777	19.847
Ógreiddir óinnheimtir vextir .....	2.538	0
Fyrirframgreidd laun .....	0	44.914
Aðrar kröfur .....	536.490	376.733
	6.487.351	5.940.347

Krafa félagsins vegna virðisaukaskatts fyrri ára samanstendur af óafgreiddum innsendum virðisaukaskattsskýrslum hjá Skattinum fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018. Skatturinn hefur dregið í efa réttmæti þess að félagið þjónusti millilandafor á Keflavíkurflugvelli sbr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og að það njóti svokallaðs núllskatts, þ.e. fái endurgreiddan virðisaukaskatt af keyptum aðföngum og þjónustu en skili ekki útskatti. Félagið aftur á móti telur að þessi mikilvæga forsenda hafi legið skýrt fyrir við upphaf skráningar félagsins á virðisaukaskrá við stofnun þess.

Skatturinn úrskurðaði um þennan ágreining í maí 2020 sem félagið skaut með kæru til Yfirskattaneftndar í júlí 2020. Með úrskurði Yfirskattaneftndar nr. 181/2020 frá desember 2020 var úrskurður Skattsins frá maí 2020 felldur úr gildi og lagt fyrir Skattinum að úrskurða að nýju á grundvelli sjónarmiða félagsins um að gjaldtaka vegna þjónustu við loftför tilheyrði 12. grein virðisaukaskattslaganna, eins og félagið hafði haldið fram. Aðeins er óljóst um meðferð á virðisaukaskatti vegna blandaðrar starfsemi sem er óveruleg. Málið er enn óafgreitt hjá Skattinum.

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 143/2018 taka nú af öll tvímæli um heimild félagsins til að beita þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins. Þær breytingar urðu að lögum þann 1. janúar 2019.

# Skýringar

## 12. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í lok tímabilsins .....	12.559.063	100,0%	12.559.063

Innborgað hlutafé á tímabilinu nam 3 milljörðum króna. Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2021	31.12 2020
Skuldir í EUR .....	38.226.131	40.710.213
Skuldir í ISK .....	7.132.403	7.036.199
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	45.358.534	47.746.412
	<u>(3.151.314)</u>	<u>(4.086.163)</u>
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	<u>42.207.220</u>	<u>43.660.249</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2021	31.12 2020
Afborganir 1.7.2021 - 30.6.2022 / 1.1.2021 - 31.12.2021 .....	3.151.314	4.086.163
Afborganir 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022 .....	2.732.327	5.780.049
Afborganir 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023 .....	3.301.710	1.900.874
Afborganir 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024 .....	3.493.144	2.205.290
Afborganir 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025 .....	10.307.116	2.610.532
Afborganir síðar .....	22.372.923	31.163.505
	<u>45.358.534</u>	<u>47.746.412</u>

Lán að fjárhæð 44.463 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Þar af eru lán að fjárhæð um 40.204 milljón króna einnig háð skilyrðum um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda af EBITDA. Stjórnendur hafa samið við banka um lengingu lána, breytingar á lánaskilmálum og afborgunarferla. Reglulega er farið yfir fjárhagsskilyrðin og þann 30.06.2021 var fjárhagsskilyrðið um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda af EBITDA ekki uppfyllt. Lánveitendur félagsins voru í lok árs 2020 allir búnir að staðfesta formlega að þeir muni ekki virkja fjárhagsskilyrðið tímabundið.

## 14. Reiknuð tekjuskattsskuldbinding

	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í upphafi tímabilsins .....	299.989
Reiknaður tekjuskattur .....	(20.002)
Tekjuskattur til greiðslu á tímabilinu .....	<u>(772)</u>
Staða í lok tímabilsins .....	<u>279.214</u>
<b>Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:</b>	<b>Tekjuskatts- skuldbinding</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.195.953
Veltufjáreignir .....	(425.298)
Frestaður gengismunur .....	44.688
Aðrir liðir .....	(13.483)
Áhrif af yfirferanlegu skattalegu tapi .....	<u>(3.436.068)</u>
	<u>(1.634.209)</u>
Tekjuskattsinneign ekki færð í árshlutareikning .....	<u>1.913.423</u>
	<u>279.214</u>

# Skýringar

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	30.06 2021	31.12 2020
Innlendar viðskiptaskuldir .....	3.594.389	1.352.620
Erlendar viðskiptaskuldir .....	383.082	277.671
	<u>3.977.471</u>	<u>1.630.291</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	30.06 2021	31.12 2020
Virðisaukaskattur .....	25.643	25.504
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	1.183.985	761.696
Ógreiddar launaskuldbindingar .....	1.957.819	1.627.352
Ógreiddir áfallnir vextir .....	537.107	456.368
Óloknið verksamningar .....	106.697	99.161
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	334.470	174.556
Aðrar skuldir .....	40.075	34.237
	<u>4.185.797</u>	<u>3.178.873</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06 2021	31.12 2020
Skuldir við lánastofnanir .....	3.151.314	4.086.163
	<u>3.151.314</u>	<u>4.086.163</u>

## 16. Áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og stöðu Isavia

Verulegt tap hefur verið á rekstri félagsins frá því að viðtækar ferðatakmarkanir hófust í mars 2020 vegna heimfaraldurs og þar til í júní 2021 þótt gripið hafi verið til umfangsmikilla aðhaldsaðgerða í rekstri og fyrirsjáanlegt er að áhrifa á farþega- og flugumferð muni gæta á næstu árum. Áætlanir gera ráð fyrir að taka muni nokkur ár að ná sama farþegafjölda og fór um Keflavíkurlflugvöll á árinu 2019 en áfram er töluverð óvissa um þróun farþegafjölda vegna faraldursins þrátt fyrir að vel hafi tekist að ná flugfélögum aftur til landsins á árinu 2021.

Rekstrartekjur félagsins lækka milli tímabila um 2,3 milljarða eða 27%. Launakostnaður dróst saman um 1.039 mkr. eða 13% milli tímabila og annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður um 587 mkr. eða 23%.

Handbært fé til rekstrar var neikvætt um 2,8 milljarða á tímabilinu janúar - júní 2021 samanborið við neikvætt handbært fé til rekstrar um 3,1 milljarða fyrir sama tímabil 2020.

Í byrjun árs 2021 var samþykkt að eigandi félagsins myndi auka hlutfé sitt um 15 milljarða til að styðja við rekstur félagsins í kjölfar faraldursins og styrkir það verulega rekstrarhæfi félagsins auk þess að veita nauðsynlegan sveigjanleika í rekstri og gerir kleift að halda áfram uppbyggingu innviða á Keflavíkurlflugvelli. Af þessum 15 milljörðum króna er nú þegar búið að greiða 3 milljarða króna í þessum árshlutareikningi og 3 milljarðar króna voru greiddir í lok júlí. Til samanburðar voru fjárfestingar á Keflavíkurlflugvelli á árinu 2020 um 2,7 milljarðar króna en áætlaðar fjárfestingar ársins 2021 eru um 8 milljarðar króna.

Í gildi er samkomulag við lánveitendur félagsins varðandi breytingar á lánaskilmálum, lengingu lána og breytingar á afborganaferli sem hafa einnig veitt félaginu aukinn sveigjanleika í rekstri og styrkt rekstrarhæfi félagsins.

Áætlanir félagsins árið 2021 gera ráð fyrir töluverðu tapi á næsta ári en lágpunkti hafi verið náð árið 2020 og viðsnúningur fyrirsjáanlegur á komandi árum þegar áfram dregur úr ferðatakmarkunum.

## 17. Samþykki árshlutareiknings

Samandregni árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 27. september 2021.